

REGLUGERÐ

um vöruflutninga á vegum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um vöruflutninga á landi gegn gjaldi á milli landa Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og innanlands í aðildarríkjum EES með flutningabifreið eða vagnlest skráðum á Íslandi með leyfilegan hámarksþunga meira en 6 tonn.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Millilandaflutningar eru akstur ökutækis frá einu aðildarríki til annars, með eða án umflutninga um eitt eða fleiri aðildarríki eða eitt eða fleiri þriðju lönd. Akstur ökutækis frá aðildarríki til þriðja lands og öfugt, með eða án umflutninga um eitt eða fleiri aðildarríki eða eitt eða fleiri þriðju lönd. Akstur ökutækis milli þriðju landa, í umflutningi um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja. Akstur án farms í tengslum við slíka flutninga.

Gestaflutningar eru tímabundnir innanlandsflutningar á vegum gegn gjaldi í öðru aðildarríki.

Ökutæki er vélknúið ökutæki sem skráð er hér á landi eða samtengd ökutæki þar sem að minnsta kosti vélknúna ökutækið er skráð hér á landi og er eingöngu notað til vöruflutninga.

2. gr.

Leyfi samgönguráðuneytis þarf til að hafa með höndum vöruflutninga gegn gjaldi, sem reglugerð þessi gildir um. Undanþegnir eru flutningar sem taldir eru upp í viðauka I.

II. KAFLI

Aðgangur að starfsgrein.

3. gr.

Umsækjendur um leyfi til vöruflutninga á vegum skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast leyfi samkvæmt reglugerð þessari:

hafa óflekkað mannorð;

hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu;

fullnægja skilyrðum um starfshæfni.

Um skilyrði þessi vísast til II. - IV. viðauka með reglugerð þessari.

III. KAFLI

Millilandaflutningar.

4. gr.

Til að stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum á milli landa EES þarf sérstakt leyfi. Leyfi þetta er gefið út af samgönguráðuneytinu til handa fyrirtæki sem starfrækir vöruflutninga á vegum gegn gjaldi, hefur staðfesturétt hér á landi og starfsréttindi til að stunda vöruflutninga milli landa í samræmi við II. kafla þessarar reglugerðar.

5. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfi á nafn fyrirtækisins og afhendir því frumrit leyfisins og jafnmörg staðfest afrit og ökutækin sem umsækjandi hefur til umráða í þessum tilgangi hvort sem hann hefur fullan eignarrétt yfir þeim eða með öðrum hætti, t. d. með kaupleigu- eða leigusamningum.

Staðfest afrit skal geymt í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

6. gr.

Leyfi eru gefin út til fimm ára og eru endurnýjanleg. Óheimilt er að framselja leyfi til þriðja aðila.

Þegar sótt er um leyfi, í síðasta lagi fimm árum eftir að leyfi var gefið út og á minnst fimm ára fresti eftir það, skal samgönguráðuneytið kanna hvort vöruflutningafyrirtækið muni fullnægja eða fullnægi enn skilyrðunum sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Ef skilyrðum til að öðlast leyfi er ekki fullnægt skal ráðuneytið hafna umsókn um útgáfu eða endurnýjun leyfis og færa rök fyrir þeirri ákvörðun.

Ráðuneytið afturkallar leyfi ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrði 3. og 4. gr. eða hefur gefið rangar upplýsingar er varða gögn sem krafist var við útgáfu leyfis.

Ef alvarleg eða minni háttar endurtekin brot á reglum um flutninga eiga sér stað getur ráðuneytið meðal annars afturkallað tímabundið eða endanlega staðfestu afritin af leyfinu sem það hefur gefið út.

Viðurlögin eru ákveðin með hliðsjón af því hversu alvarlegt brot leyfishafi hefur framið og hve mörg staðfest afrit hann á.

IV. KAFLI

Gestaflutningar.

8. gr.

Öllum farmflytjendum sem stunda flutninga á vegum gegn gjaldi og hafa leyfi samkvæmt 4. gr. er heimilt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir í reglugerð þessari að stunda tímabundið innanlandsflutninga á vegum gegn gjaldi í öðru aðildarríki EES, þótt þeir hafi þar ekki skráða skrifstofu eða aðra staðfestu þar.

9. gr.

Öllum fyrirtækjum sem hafa heimild til að stunda flutninga á vegum fyrir eigin reikning skal vera frjálst að stunda gestaflutninga fyrir eigin reikning eins og skilgreint er í 4. tl. I. viðauka með reglugerð þessari.

10. gr.

Gestaflutningar eru stundaðir innan ramma þess kvóta sem settur er á gestaflutninga innan EES á tímabilinu frá 1. janúar 1994 til 30. júní 1998.

Samgönguráðuneytið hefur heimild til þess að úthluta leyfum til gestaflutninga sem hér segir: á árinu 1995 13 leyfi; á árinu 1996 17 leyfi; á árinu 1997 23 leyfi og frá 1. janúar 1998 til 30. júní 1998 15 leyfi. Kvótakerfið fellur úr gildi 1. júlí 1998.

Hvert leyfi gildir í tvo mánuði fyrir eitt ökutæki í einu.

11. gr.

Ráðuneytið gefur út gestaflutningaleyfi til farmflytjenda sem sækja um þau og hafa staðfestu hér á landi. Leyfið skal gefið út á nafn farmflytjanda og er ekki framseljanlegt.

Skylt er að geyma leyfið í ökutækinu og því fylgir skráningarhefti yfir alla innlenda gestaflutninga sem eiga sér stað samkvæmt leyfinu. Framvísa skal leyfinu og skráningarheftinu hvenær sem viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.

12. gr.

Farmflytjandi sem ekki er búsettur í aðildarríkinu skal hafa full umráð yfir ökutækinu, annað hvort sem eigandi eða á annan hátt, t.d. á grundvelli afborgunarskilmála, leigusamnings eða kaupleigusamnings.

13. gr.

Flutningastarfsemi sem stunduð er samkvæmt gestaflutningaleyfi skal skráð í hefti með skráningarblöðum og skal þeim skilað ásamt leyfinu til samgönguráðuneytis innan átta daga frá því leyfið rennur út.

14. gr.

Við framkvæmd gestaflutninga skal farið að lögum og stjórnsýslufyrirmælum gistiríkisins þ.e. þess ríkis sem flutningarnir fara fram í um eftirfarandi atriði, nema reglur bandalagsins eins og þær eru aðlagðar vegna EES - samningsins kveði á um annað:

- a) gjaldskrár og skilmála um flutningasamninga;
- b) þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál getur í vissum tilvikum farið yfir þau mörk sem gilda í staðfesturíki fyrirtækis en má aldrei vera yfir þeim tæknilegu stöðlum sem eru ákveðnir í samræmisvottorðinu;
- c) kröfur varðandi flutninga á tilteknum flokkum af vörum, einkum á hættulegum vörum, matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum og dýrum á fæti;
- d) aksturs- og hvíldartíma;
- e) virðisauka- eða veltuskatt á flutningaþjónustu.

15. gr.

Ef veruleg röskun verður á innlenda flutningamarkaðnum á tilteknu landsvæði eða ástandið versnar, vegna gestaflutninga, getur samgönguráðuneytið vísað málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA svo að samþykkja megi verndarráðstafanir og skal ráðuneytið láta Eftirlitsstofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar og tilkynna henni um ráðstafanir sem það hyggst grípa til vegna flutningafyrirtækja sem hafa aðsetur í landinu.

Alvarleg röskun á tilteknu landsvæði á innlendum markaði merkir að á markaðnum séu vandamál sem einskorðast við hann og í þeim mæli að þar sé mikið og að því er virðist viðvarandi framboð umfram eftirspurn sem ógnar fjárhagslegum stöðugleika og lífslíkum margra flutningafyrirtækja.

V. KAFLI
Leyfisgjöld o.fl.

16. gr.

Gjald fyrir útgáfu leyfa samkvæmt 4. og 10. gr. er kr. 5.000 og breytist miðað við vísitölu vöru og þjónustu samkvæmt 18. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um vöruflutninga á landi nr. 47/1994 með síðari breytingum og lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

VIÐAUKI I

Flutningar sem eru undanþegnir bandalagsleyfi sem og öðrum flutningaleyfum.

1. Opinber pósthjónusta.
2. Flutningur ökutækja sem hafa laskast eða eru óökufær.
3. Vöruflutningar með ökutækjum með 6 tonna leyfilega hámarksþyngd með hleðslu, að eftirvögnum meðtöldum, eða með 3,5 tonna leyfilega hámarkshleðslu, að meðtalinni hleðslu eftirvagna.
4. Vöruflutningar með vélknúnum ökutækjum, svo framarlega sem eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - a) vöurnar sem fluttar eru verða að vera eign fyrirtækisins eða hafa verið seldar, keyptar, leigðar út eða teknar á leigu, framleiddar, unnið úr þeim eða með þær, af fyrirtækinu eða þær verið í viðgerð þar;
 - b) tilgangur flutninganna á að vera sá að flytja vörur til eða frá fyrirtækinu eða færa þær til annaðhvort innan fyrirtækisins eða utan til eigin þarfa;
 - c) vélknúnum ökutækjum sem notuð eru til slíkra flutninga skal ekið af starfsmönnum fyrirtækisins;
 - d) ökutæki sem flytja vörur skulu vera eign fyrirtækisins eða keypt með afborgunum eða tekin á leigu af fyrirtækinu, í síðastnefnda tilvikinu með þeim fyrirvara að skilyrði tilskipunar ráðsins 84/647/ESB frá 19. desember 1984 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum séu uppfyllt.Þetta ákvæði gildir ekki um notkun annars ökutækis í stað þess sem notað er venjulega en sem er um stundarsakir í óökufæru ástandi.

- e) flutningarnir skulu einungis vera aukastarfsemi fyrir starfsemi fyrirtækisins í heild.
5. Flutningur lyfja, búnaðar og tækja og annarra nauðsynja til neyðarhjálpar, einkum þegar verða náttúruhamfarir.

VIÐAUKI II

Óflekkað mannorð.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningssáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla dæmd.

VIÐAUKI III

Fullnægjandi fjárhagsstaða.

- a. Fullnægjandi fjárhagsstaða felur í sér að hafa aðgang að nægilegu fjármagni til að koma fótum undir fyrirtækið og örugga stjórnun þess.
- b. Til þess að meta fjárhagsstöðu skal lögbært yfirvald taka mið af: Ársreikningum fyrirtækisins eða skattframtali; tiltækum sjóðum, þar með talið bankainnstæðu, láns- og yfirdráttarheimildum; öllum eignum, þar með talið eignum sem hægt er að veðsetja fyrir fyrirtækið; kostnaði, þar með talið kostnaði vegna kaups eða fyrstu greiðslu af ökutæki, húsnæði eða öðrum búnaði ásamt hreinu veltufé.
- c. Fyrirtækið verður að hafa eigið fé og sjóði umfram skuldir sem eru að minnsta kosti kr. 500.000 á hvert ökutæki. Aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágu frá fyrstu málsgrein þegar um er að ræða flutningafyrirtæki sem eingöngu stunda starfsemi sína á innanlandsmarkaði.
- d. Með a-, b- og c- lið í huga er lögbæru yfirvaldi heimilt að taka gilda staðfestingu eða staðhæfingu banka eða annarrar viðurkenndrar stofnunar til sönnunar á fjárhagsstöðu. Heimilt er að veita slíka staðfestingu eða staðhæfingu í formi bankaábyrgðar eða annarrar samsvarandi tryggingar.
- e. b-, c- og d- liðir gilda aðeins fyrir fyrirtæki sem frá 1. janúar 1990 hafa leyfi samkvæmt landslögum til þess að stunda flutningastarfsemi á vegum.

VIÐAUKI IV

Starfshæfni.

1. Löggjöf:

Undirstöðuatriði einkamálaréttar og löggjafar á sviði verslunar, félagsmála og skattamála með sérstakri áherslu á:

- * almenna samninga
- * flutningssamninga, með sérstakri skírskotun til ábyrgðar flutningsaðila (eðli og mörk)
- * verslunarfélög

- * höfuðbækur
- * reglugerðir um vinnu og félagslegt öryggi
- * skattakerfi

2. Viðskipta- og fjárhagsstjórnun fyrirtækis:

- * greiðsluáðferðir og fjármögnun
- * kostnaðaráætlun
- * verðlagning og flutningsskilmálar
- * viðskiptareikningar
- * tryggingar
- * vörureikningar
- * flutningsumboð
- * stjórnunaraðferðir við fyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningum á vegum
- * markaðssetning

3. Aðgangur að markaði:

- * ákvæði um aðgang og iðkun starfsgreinarinnar.
- * flutningsskjöl.

4. Tæknileg þekking og tæknilegar hliðar flutnings:

- * þyngd og mál ökutækis
- * val ökutækis
- * gerðarviðurkenning og skráning
- * meginreglur um viðhald ökutækis
- * flutningur á hættulegum vörum
- * flutningur á matvælum
- * gildandi meginreglur um umhverfisvernd er varða notkun og viðhald ökutækja
- * hleðsla og afhleðsla ökutækis

5. Öryggi á vegum:

- * lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða umferð
- * umferðaröryggi
- * forvarnir gegn slysum og viðbrögð við slysum

Greinar sem flutningsaðilar sem ætla sér að starfa að millilandaflutningum þurfa að kunna skil á:

- * greinar skv. tölul. 1 - 5
- * ákvæði um vöruflutninga á landi milli aðildarríkja og milli bandalagsins og landa utan bandalagsríkja sem tilkomin eru vegna innlendra laga, staðla bandalagsins, alþjóðasamninga og alþjóðasamþykktar
- * venjur og formsatriði þegar farið er yfir landamæri
- * helstu umferðarreglugerðir í aðildarríkjunum